

Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2022
Tilv.: 2210027

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasölulyf), þskj. 366 – 353. mál, 153. löggjafarþing.

Samkeppniseftirlitið vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 26. október 2022, þar sem velferðarnefnd Alþingis veitti Samkeppniseftirlitinu færi á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasölulyf), 353. mál.

Samkeppniseftirlitið er sammála þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu og heimila aukið aðgengi neytenda að tilteknum lausasölulyfjum í hefðbundnum verslunum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að breytingin geti auk þess falið í sér aukna samkeppni í þessum vöruflokki og þar með verið neytendum til hagsbóta í formi lægra vöruverðs.

Er framangreint í samræmi við fyrri [umsögn](#) Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. janúar 2020, þar sem bent er á að tilefni sé til þess að auka samkeppni í sölu lausasölulyfja. Auk þess má vísa til [skýrslu](#) Norrænu samkeppniseftirlitanna frá 2021 um netsölu á lyfjum og álits Samkeppniseftirlitsins [nr. 1/2021](#), *Samkeppnisaðstæður í smásölu lyfja Skýrsla norrænu samkeppniseftirlitanna um netverslun lyfja og sölu lyfja í lausasölu utan apóteka á Norðurlöndunum*.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson